

# ALÞJÓÐLEGUR SKATTARÉTTUR

Mildun skattlagningar  
Ásmundur G. Vilhjálmsson  
Glærupakki 5  
Vægi 8 til 9

# OECD fyrirmyndin - forsendur

- Fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningi byggist á heimilisfestarlandsskattlagningu
- Skv. því getur heimilisfestarland ávallt skattlagt nema það hafi gagngert afsalað sér skattlagningarrétti
- Upprunaland tekna, keldulandið, hefur hins vegar aðeins rétt á að skattleggja að því sé veitt slík heimild í 6-21. gr. OECD-fm (skiptingarákvæðin)

# Skattlagningarréttur keldulands

- ✓ Kelduland getur semsagt **aðeins** skattlagt ákveðnar tekjur að tvísköttunarsamningurinn heimili það. Slíkt leyfi verður einkum ráðið af frösunum
  - **má skattleggja** – may be taxed og
  - **má einungis skattleggja** – may only be taxed
- Að öðru leyti skiptir notkun þessara frasa engu máli fyrir kelduland
- **Hins vegar varðar það heimilisfestarlandið miklu**

# Þýðing frasanna

- Munið að **HEIMILISFESTARLAND** hefur ávallt rétt á að skattleggja alheimstekjur aðila nema ríkið hafi gagnert afsalað sér skattlagningarrétti sínum
- Heimili tvísköttunarsamningur keldulandi líka eða einungis að skattleggja verður heimilisfestar landið að milda eða aflétta tvískattlagningunni
- Keldulandi er aldrei skylt að milda tvískattlagningu. Af hverju stafar það?

# Tvískattlagning

## Muna

- Jú: Kelduland samnings skattleggur aldrei sömu tekjurnar tvisvar
- Það gerir hins vegar landið sem þú ert búsett/ur í – heimilisfestarlandið
- Ef þú átt heima á Íslandi og stundar vinnu í Danmörku, Noregi o. fl. ber **Íslandi** því að aflétta tvískattlagninguna EKKI Danmörku, Noregi o. fl.

# Aflétting tvísköttunar

- Auðvitað er unnt að milda tvískattlagningu með ýmsum hætti, sbr. Excel skjalið sem ég lét ykkur fá í upphafi námskeiðsins
- Fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningi gefur hins vegar kost á tveimur aðferðum,
  - ✓ annars vegar undanþáguaðferð
    - Tekjuundanþága og skattundanþága (gömul aðferð) og
  - ✓ hins vegar skattfrádráttaraðferð
    - Venjulegur eða takmarkaður frádráttur
- Um mildun tvískattlagningar er fjallað í aðferðar ákvæðum 23. gr. OECD-fm, A og B lið

# A-liður 23. gr. OECD-fm

## EXEMPTION METHOD

1. Where a resident of a Contracting State derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in the other Contracting State, the first-mentioned State shall, subject to the provisions of paragraphs 2 and 3, **exempt such income or capital** from tax.
2. Where a resident of a Contracting State derives items of income which, in accordance with the provisions of Articles 10 and 11, may be taxed in the other Contracting State, the first-mentioned State **shall allow as a deduction** from the tax on the income of that resident an **amount equal to the tax paid in that other State**. Such deduction shall not, however, **exceed** that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such items of income derived from that other State.
3. Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, in **calculating the amount of tax** on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.
4. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income derived or capital owned by a resident of a Contracting State where the other Contracting State applies the provisions of this Convention to exempt such income or capital from tax or applies the provisions of paragraph 2 of Article 10 or 11 to such income.

# B-liður 23. gr. OECD-fm

## CREDIT METHOD

- 1) Where a resident of a Contracting State derives income or owns capital which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in the other Contracting State, the first-mentioned State shall allow
  - a) as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the income tax paid in that other State;
  - b) as a deduction from the tax on the capital of that resident, an amount equal to the capital tax paid in that other State.
- 2) Such deduction in either case shall not, however, **exceed** that part of the income tax or capital tax, as computed before the deduction is given, which is attributable, as the case may be, to the income or the capital which may be taxed in that other State
- 3) Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, **in calculating the amount of tax** on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital




# ÚTREIKNINGUR MILDUNAR

Heimilisfestarríki: Stighækkandi skattur:  
45% skattur af 80 en 55% af 130

Forsendur	Heimilisfestarríki	Upprunaland	Heildartekjur
Ríki	A	B	A + B
Tekjur	80.000	50.000	130.000
Skattur a		30%	
Skattur b		60%	

## MILDUNARBROTÐ:

Notað til að reikna út mildun við skattundarbágu og skattfrádrátt



# Tekjuundanhága

Við horfum fram hjá tekjunum við skattlagningu

FORSENDUR Ísl. gefur eftir skattlagningarrétt	Hinar erlendu tekjur skipta engu máli við skattlagninguna ....	SKATTUR
Möguleiki a		
Skattur í heimilisfestarríki	$80.000 * 0,45\%$	36,000
Skattur í keldulandi	$50.000 * 0,30\%$	15,000
<b>Samtals</b>		<b>51,000</b>
Möguleiki b		
Skattur í heimilisfestarríki	$80.000 * 0,45\%$	36,000
Skattur í keldulandi	$50.000 * 0,60\%$	30,000
<b>Samtals</b>		<b>66,000</b>

# Skattundanþága ...

Allur hinn innlendi skattur af erlendu tekjunum fæst frádraginn

FORSENDUR Ísl. gefur eftir skattlagningarrétt	Skattur er reiknaður af heildartekjunum en síðan er <b>innlendur</b> skattur af erlendu tekjunum dreginn frá	Skattur
Möguleiki a		
Skattur í heimilisfestarríki	$130.000 \cdot 0,55\% = 71.500 - 27.500$ ( $0,55\% \cdot 50.000$ )	44.000
Skattur í upprunalandi	$50.000 \cdot 0,30\% =$ $(71,5 \times 50/130 = 27,5)$	15.000
Samtals		<b>59.000</b>
Möguleiki b	Skattur er reiknaður af heildartekjunum en síðan er innlendur skattur af erl. tekjunum dreginn frá	
Skattur í heimilisfestarríki	$130.000 \cdot 0,55\% = 71.500 - 27.500$ ( $0,55\% \cdot 50.000$ )	44.000
Skattur í upprunalandi	$50.000 \cdot 0,60\% =$	30.000
Samtals	Leyfi aðeins frádrátt á 27.500. Ekki 30.000	<b>74.000</b>

# Hvað ræður Vali á undanþáguaðferð?

- Við **undanþáguaðferð** afsalar heimilisfestarland sér venjulega skattlagningarrétti. Aðilar sem fjárfesta í **ÁKVEÐNU** landi erlendis sæta því **allir sams konar** skattlagningu – sitja við sama borð
- Með þessu móti er leitast við að tryggja hlutleysi innflutts fjármagns – **Capital import neutrality eða CIN í upprunalandi teknanna**
- Undanþáguaðferð er síður en svo gallalaus. Hætta á undanskoti á sköttum er almennt talin meiri þegar henni er beitt en skattfrádrætti
  - Þannig getur maður aldrei verið öruggur um að tekjurnar séu taldar fram og skattlagðar í upprunalandinu. Gildir það ekki hvað síst um fjármagnstekjur svo sem ...

# Stighækkunarfyrirvari

- Stighækkunarfyrirvari - **gömul aðferð**. Aðeins er tekið tillit til hinna erlendu tekna við **ÚTREIKNING** skattsins
- Stighækkunarfyrirvari - **ný aðferð**. Hinar erlendu tekjur teljast til **skattsstofns** en síðan er veittur frádráttur samkvæmt mildunarbrotinu
- Mildunin takmarkast við innlendan skatt af erlendu tekjunum

# Stighækkunarfyrrvari - hlutverk

- Á Íslandi eru ýmis réttindi tekjutengd. Hér til teljast persónuafsláttur, barna- og vaxtabætur svo og hvers konar trygginga bætur
- Við beitingu **tekjuundanhágu** er horft fram hjá hinum erlendu tekjum
  - maður getur þannig fengið hærri bætur en hann hefði átt rétt á ef tekjurnar hefðu talist til skatts stofnsins
- Stighækkunarfyrrvari, ný aðferð, gegnir því hlutverki að minnka hættuna á því

# Dómaframkvæmd

- Sjá t.d. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 2013 í máli nr. E-2562/2012: Marinó Jó hannsson gegn Tryggingastofnun ríkisins
- Deilt um það hvort heimilt væri að taka tillit til tekna sem maður hafði í USA við ákvörðun á lífeyri hér á landi

# Ísland

- Áður fyrr gerði Ísland tvísköttunarsamninga á grundvelli undanþáguaðferðar
- Í dag byggjast flestir þeir samningar sem gerðir eru hins vegar á **skattfrádrætti**
- Sjaldgæft er þó að önnur hvor aðferðin sé aðeins notuð
- **Flestir tvísköttunarsamningar nota nefnilega báðar aðferðirnar, jöfnum höndum**



# Hvort notar Ísland nýju eða gömlu aðferðina

- OECD-fm byggir á hinni **gömlu aðferð**
- Við skoðun á þeim samningum sem Ísland hefur gert er hins vegar oft á tíðum ómögulegt að sjá hvorri aðferðinni skuli beita
- Skoðum t. d. Norðurlandasamninginn. Um afléttingu tvískattlagningar þegar Ísland á í hlut er fjallað í 4. tölul. 25. gr. samningsins

# a-liður 4. tölul. 25. gr.

Hvort er gamalli eða nýrri aðferð beitt  
Skattundanþága – gömul aðferð

- Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem **einungis skal eða má** skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í **ÖÐRU** samnings ríki, skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, lækka íslenska tekjuskattinn með því að **DRAGA FRÁ ÞANN HLUTA** tekjuskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er í hinu ríkinu

# „... lækka íslenska tekjuskattinn ...“

- með því að **DRAGA FRÁ ÞANN HLUTA** tekjuskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er í hinu ríkinu
- Hér kemur ekki skýrt fram hvort telja beri hinar erlendu tekjur til skattsstofnsins

Danmörk, sbr. b-liður 1. tölul. 25. gr. NOR

Skattundanþága – ný aðferð

Hér kemur þetta skýrar fram

- Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem einungis skal skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki **MÁ DANMÖRK TELJA TEKJURNAR MEÐ Í SKATT STOFNI**, en frá dönskum skatti af tekjunum skal þá draga þann hluta af tekjuskattinum sem reiknaður er af þeim tekjum sem stafa frá síðarnefnda ríkinu

# Samningurinn við Bretland

## a-liður 2. tölul. 22. gr.

- Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu, skal Ísland – nema annað leiði af ákvæðum stafliðar b. þessa töluliðar – undanþiggja þessar tekjur skattlagningu, **en má**, þegar reiknaður er skattur af öðrum tekjum þessa aðila, **NOTA ÞANN SKATTSTIGA** sem notaður hefði verið ef undanþegnu tekjurnar hefðu ekki verið þannig undanþegnar → **Gömul aðferð**

# Samningurinn við USA

## Sjá 3. tölul. 22. gr.

- Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
  - c) hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur, sem skulu **einungis skattlagðar í Bandaríkjunum** samkvæmt ákvæðum samnings þessa, **getur Ísland felld þær tekjur inn í skattstofn** en skal heimila að sá hluti tekjuskattsins sem rekja má til þeirra tekna sem koma frá Bandaríkjunum sé dreginn frá tekjuskatti  
→ skattundanþága ný aðferð

# Skattfrádráttur – hvað felst í henni

- Tvær aðferðir eru til af skattfrádrætti
  - Fullur frádráttur – full credit. Skv. henni má draga allan hinn **erlenda skatt** frá innlendum skatti af alheimstekjunum
  - Venjulegur frádráttur – ordinary credit. Skv. henni má draga hinn erlenda skatt frá innlendum skatti af alheimstekjunum, **þó aldrei hærrí fjárhæð en innlendum skatti af hinum erlendu tekjum nemur**
- Beiting skattfrádráttar veldur almennt minni óvissu en undanþága

# Takmarkaður skattafrádráttur ...

FORSENDUR Ísl. skattleggur alheimstekjurnar	Skattur er reiknaður af heildartekjunum en síðan er erlendur skattur dreginn frá <b>þó aldrei hærrí fjárhæð en innlendum skatti af erlendu tekjunum nemur</b>	Skattur
Möguleiki a		
Skattur í heimilisfestarríki	$130.000 * 0,55\% = 71.500 - 15.000 (0,30\% * 50.000)$	56.500
Skattur í upprunalandi	$50.000 * 0,30\% =$	15.000
Samtals		71.500
Möguleiki b	Skattur er reiknaður af heildartekjunum en síðan er erlendur skattur dreginn frá, <b>þó aldrei hærrí fjárhæð en ...</b>	
Skattur í heimilisfestarríki	$130.000 * 0,55\% = 71.500 - 27.500 (0,55\% * 50.000)$	44.000
Skattur í upprunalandi	$50.000 * 0,60\% =$	30.000
Samtals	Ef erlendur skattur væri 25.000 myndi frádrátturinn takmarkast við þá fjárhæð	74.000



# Hvað ræður vali á frádráttaraðferð?

- Við skattfrádráttaraðferð skattleggur heimilisfestarland allar tekjur (innlendar og erlendar) með venjulegum hætti
- Allir, sem búa í landinu, eru því skattlagðir **EINS** óháð því hvaðan tekjur þeirra stafa
- Með þessu móti er leitast við að tryggja fjármagns útflutnings hlutleysi – **capital export neutrality**

# B-liður 4. tölul. 25. gr. NOR

## Skattafrádráttur

- Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem skattleggja má í öðru samningsríki samkvæmt 10. gr., 7. mgr. 13. gr., 3. mgr. 15. gr., 16. gr. eða 1.- 6. mgr., c-lið 7. mgr. og 8.-9. mgr. 21. gr. skal Ísland **draga frá íslenskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu samningsríkinu – 15.000 kr.**
- Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærri en sá hluti íslenska skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu – **27.500 kr.**

# Danmörk, sbr. a-liður 1. tölul. 25. gr. Skattfrádráttur – engin munur

- Hafi aðili heimilisfastur í Danmörku tekjur sem skattleggja má samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Danmörk, nema ákvæði b eða c liðar leiði til annars, draga frá dönskum tekjuskatti þessa aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í síðarnefnda ríkinu
- Frádráttarfjárhæðin skal hins vegar ekki vera hærrí en sá hluti danska tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á tekjur sem skattleggja má í hinu ríkinu

# Samningurinn við Bretland

## b-liður 2. tölul. 22. gr.

- Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem skattleggja má í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum 10., 16. og 17. gr. og 2. tl. 21. gr. samnings þessa skal Ísland **leyfa sem frádrátt frá skatti af tekjum** þessa aðila fjárhæð jafna skatti greiddum í Sameinaða konungsríkinu
- Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta skattsins reiknaðs áður en frádráttur er veittur sem svarar til teknanna frá Sameinaða konungsríkinu

# Samningurinn við USA-liður 3. tölul. 22. gr.

- Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
  - a) hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur sem **má** skattleggja í Bandaríkjunum samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skal Ísland heimila að fjárhæð þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í Bandaríkjunum sé dregin frá tekjuskatti þess aðila;
  - b) slíkur frádráttur skal þó aldrei **vera hærri** en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir frádráttinn, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í Bandaríkjunum;

# Nánar um framkvæmd mildunar

- Þótt lýsing mildunaraðferðanna sé til þessa að gera einföld geta vandamál komið upp -
- T.d. vitum við ekki hvort reikna beri út
  - **ALLSHERJAR MILDUN** – over all method
  - mildun pr. land – per country method
  - mildun pr. tekjutegund – per item
- Þetta getur skipt máli í ýmsum samböndum t.d. ef aðili aflar tekna frá fleiri en einu erlendu ríki. Sama gildir ef tap er í einu ríki en hagnaður í öðru eða skatthlutföll ríkjanna sem hlut eiga að máli eru ólík

# Úrskurður yfirskattnefndar nr. 520/2012

- Í málinu var deilt um með hvaða hætti ríkisskattstjóri skyldi taka tillit til afdráttarskatts sem íslenskt félag hafði sætt af tekjum sínum erlendis. Samkvæmt 5. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.) er ríkisskattstjóra heimilt að lækka tekjuskatt íslensks skattaðila með hliðsjón af þeim sköttum sem greiddir eru í öðru ríki. Í aðalkröfu var **deilt um 25%** afdráttarskatt af tekjum félagsins frá Japan en enginn tvísköttunarsamningur er á milli ríkjanna
- Ríkisskattstjóri beitti ákvæðinu á þann veg að hann lækkaði íslenska skatt félagsins um fjárhæð sem jafngilti íslensku **skatthlutfalli (15%)** á erlendu tekjurnar. Sú aðferð við að aflétta tvísköttun nefnist venjulegur frádráttur (e. ordinary credit) og hefur henni verið fylgt í skattframkvæmd um langt skeið
- Kærandi byggði hins vegar á því að beita ætti ákvæðinu í samræmi við orðanna hljóðan og að ákvæðið hefði að geyma fulla frádráttaraðferð (e. full credit). Ætti því að lækka íslenska skattinn um þá fjárhæð sem greidd var erlendis, þ.e. fjárhæð sem jafngilti erlendu skatthlutfalli (25%) á erlendu tekjurnar
- Yfirskattnefnd féllst ekki á rök kæranda. Í forsendum sagði m.a. að í framkvæmd hefði lækkun samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði ekki verið talin geta leitt til hagfelldari niðurstöðu en myndi leiða af aðferðum tvísköttunarsamninga. Slík túlkun styddist við gild jafnræðisrök í ljósi þess að tvísköttunarsamningar feli jafnan í sér ívilnun frá gildandi skattareglum

Til vara byggði kærandi á því að við ákvörðun frádráttar vegna skatta erlendis yrði miðað við samanlagðan skatt í öllum erlendum ríkjum (e. overall) en ekki aðeins skatt í hverju ríki fyrir sig (e. per country)

**Slík aðferð er gjaldanda hagstæðari ef tekjur frá ríkjum með hærri skattprósentu en á Íslandi eru hærri en tekjur frá ríkjum með lægri skattprósentu**

Íslensk lög hafa ekki að geyma fyrirmæli um hvor aðferðin skuli notuð **en í framkvæmd hefur verið miðað við hvert einstakt ríki fyrir sig**. Kærandi taldi að skortur á lagafyrir mælum um þetta atriði ætti að leiða til þess að skattborgarinn gæti valið þá aðferð sem hagstæðari væri hverju sinni

Á þetta féllst yfirskattanefnd ekki. Erfitt er að átta sig á rökstuðningi nefndarinnar en hún vísar aðeins til þess að forsendur fyrir aðalkröfu „mæli eindregið gegn þeirri aðferð“.



Land	Ís.	A	B	Alls	Mildun	Skattur
Tekjur	500	100	-100	500		
Skatthlutföll	20	30	15			
Skattur og mildun skv. allherjaraðferð	100	30	0	130	0	130
Skattur og mildun skv. landaaðferð, ísl. og a	120	30		150	-30	120
Skattur og mildun skv. landaaðferð, ísl. og b	80	0	0	0	0	0
Land	Ís.	A	B	Alls	Mildun	Skattur
Tekjur	500	300	100	900		
Skatthlutföll	20	15	30			
Skattur og mildun skv. allsherjaraðferð	180	45	30	255	-80	175
Skattur og mildun skv. landaaðferð, ísl. og a	160	45	0	205	-60	145
Skattur og mildun skv. landaaðferð, ísl. og b	120	0	30	150	-20	130

# Hvað er þetta að segja okkur NIÐURSTAÐA

- Mildun skv. skattundanþágu og skattfrádrætti leiðir til sömu niðurstöðu
  - Skattafléttingin er hin sama skv. báðum aðferðunum
- Þetta gildir þó aðeins að tekjuskatturinn hér á landi sé hærri en í hinu ríkinu
  - **Ef hann er lægri gefur** skattfrádráttur minni afléttingu en skattundanþága

# Skattar í upprunalandi tekna

- Við beitingu undanþágu skipta skattar í upprunalandi tekna almennt ekki máli
- Öðru máli gegnir þegar skattfrádrætti er beitt
- Ef skattur í upprunalandi er hærri en í heimilisfestarlandi situr skattaðili nefnilega uppi með óbættan (auka)skatt
- **Sama gildir ef maður getur ekki nýtt sér skattfrádrátt þar sem skattar í heimilisfestarlandi eru 0 kr.**

# Telst erlendur tekjuskattur rekstrarkostnaður?

- Almennt er óheimilt að draga **innlendan** tekjuskatt frá tekjum
- Þetta byggist á eðli tekjuhugtaksins skv. innlendum rétti. En hvað með erlendan tekjuskatt
- Á hann er litið sem gjöld er ganga til öflunar tekna
- Erlendur tekjuskattur telst því almennt frádráttarbær rekstrarkostnaður

# Nánar um frádráttinn

- Í fljótu bragði gæti maður ætlað að velja þurfi um mildun skv. skattfrádrætti eða rekstrarkostnaðarfrádrátt
- Fyrirtæki á semsé ekki að vera heimilt að nota bæði mildun og draga óbætta skattinn frá tekjum sem rekstrarkostnað
- Svo er **EKKI** skv. íslenskum rétti. Í sjálfu sér er þess vegna ekkert til fyrirstöðu að nota báða möguleikana

# SPURNINGAR

Ef ekki þakka ég fyrir mig ...